

Hvað geta fiskmarkaðir gert til að bæta hráefnisgæði og auka upplýsingar til kaupenda á mörkuðum.

Erindi:

Ragnar Hjörtur Kristjánsson
framkvæmdarstjóri FMS.





1987

Sjávarútvegsráðstefnan 2015.
Hilton Nordica 19-20 nóvember.

ISLANDSMARKADUR - FISKNET auctiondate 3/12/2012 auctionnumber : 1

File Subbuyers Pre-bids Lists Clock change Help



Lot information Speed : 8 Demo Kaupandi (70001)

Lot	Vessel	Location	Age	Comment	Temp	Handling	Gear	Specie	Cond.	Size	AveKg	#/min#	Kg/Unit	Gross / Net
10	LÍNU OG FÆRABÁSKAG/SKST		NÝR			Í KRA	.	ÞORSK	ÓSLA7+ kg			1/1	150	150/ 150
9	GUDFINNUR	SKAG/SKST	NÝR	+sl		ÍSAD	LÍNA	ÞORSK	ÓSLA7+ kg			1/1	106	106/ 106
4	SAMEINING	RIF /FMÍS	1 DAG			FLOKK	LÍNA	ÞORSK	ÓSLA8+ kg			229/229	1	229/ 208
3	LÍNU OG FÆRABÁÓLAF/FMÍS		NÝR	+sl		FLOKK	.	ÞORSK	ÓSLA8+ kg			1/1	100	100/ 100

2 LÍNU OG FÆRSKAG/SKST NÝR Í KRA . ÞORSK ÓSLA 8+ kg 0 2/1 250 500/ 500

1


Lots Sold Pre-bid F6 F7 F8

Lot	Specie	Size	Cond.	Units	Kg	Price
1	ÞORSKUR	8+ kg	ÓSLA	1	100	64

My Purchases F5

Specie	Purch	Goal	Need	Avg Price
ÞORSKUR	100	0	-100	64

Total 100 0 -100



1

Lot # 2

Price 208

My price 208.00


#Units 2 Min Units 1

Buyer

50

FISKNET Ok Line Buyer 70001 Credit 1.000.000 SF2

SALA Á FISKMÖRKUÐUM HJÁ RSF Í TONNUM FRÁ 1992 – 2015 (10 fyrstu mánuðirnir).



- Árið 2008 ákvað FMS að búa til gæðakerfi og skoða vinnubrögð á starfsstöðvum FMS við mat og verklag á sölu á fiski hjá markaðnum.
- Fenginn var matvælafræðingur, Gústaf Hjálmarsson til verksins og bjó hann til gæðakerfi og gæðastefnu fyrir FMS.
- Einnig tóku allir starfsmenn FMS HACCAP-námskeið í innleiðingu gæðakerfisins.
- Fyrst og fremst var horft á rekjanleika og hitamælingar á fiski.
- Einnig vigtun og framsetningu á uppboðsgögnum.
- Hvernig skyldi taka á kvörtunum og nýta nýtt kvörtunarkerfi á vef RSF.

Uppboðslýsing á vef RSF

- Mikilvægt að kaupendur kynni sér uppboðslýsingu fyrir uppboð, frá kl:12:30 til 13 áður en uppboð hefst og þær athugasemdir sem þar birtast frá fiskmörkuðum um þann fisk sem er til sölu. Svo sem löndunardag – stærð – löndunartíma – veiðarfæri– hitastig– ísun og staðsetningu stæðu.
- Alltof oft eru kaupendur ekki að verðlauna þá sem gera vel í frágangi á fiski sem er til sölu hjá fiskmörkuðum. Við höfum vegna gæðakerfis FMS margoft tekið fisk út úr stærri stæðum vegna hás hitastigs og selt sér. En viti menn, viðkomandi stæða fer kannski á hærra verði en betri fiskurinn.
- Þessi kauphegðun kaupenda er ekki til þess fallin að hjálpa mörkuðum að fá seljanda til að bæta sig. Auðvitað er það framboð og eftirspurn sem getur ráðið miklu þar um. Oft eru verðin há í litlu framboði þar sem kaupendur verða að kaupa til að uppfylla samning um sölu á fiski.
- Ég vil hvetja kaupendur til að prenta alltaf út uppboðsgögnin og fara yfir áður en þeir kaupa. Nú er það þó þannig að stór hluti kaupenda eru vel sjóaðir í þessu umhverfi og gera hlutina vel í innkaupum. En það þýðir ekki alltaf að kvarta ef kaupendur hafa ekki fylgst með og lesið þær athugasemdir sem markaðir eru að setja inn á uppboðslýsinguna og segja eftir á: „Ég tók ekki eftir þessu“.

Kvartanir á seldar stæður hjá RSF eru ekki svo hátt hlutfall

- Frá 1. jan. til 11. nóv. 2015 eru kvartanir á seldar stæður hjá RSF (229.925 seldar stæður) samtals 1.083 stæður eða 0,47% af öllum stæðum og þætti ekki mikið frávik í tölfræði.
- Þrír kaupendur eru með um ca.50 % af öllum kvörtunum. Fjöldi kvartana hjá FMS eru svipaðar. Virkir kaupendur eru það sem af er þessu ári 230, en ca. 80–90 kaupendur eru inni á uppboði á hverjum degi.
- Sjaldnast er kvartað yfir gæðum, oftast er um stærð að ræða vegna fjarskiptafisks og eru leiðréttingar oftast þess vegna. En hjá FMS (og á vef RSF.is) er tekið fram að ekki er lagt mat á los, orma eða annað sem ekki sést í eðlilegu skynmati á fiski sem er tekinn til sölu.

Lokaorð

- Þær upplýsingar sem þarf að hafa í huga þegar talað er um gæði, eins og hitastig, aldur og frágangur eru allt hlutir sem FMS/RSF gefur upp í sínu uppboðskerfi. Jafnvel þó að fiskurinn sé vissulega grófflokkaður eftir stærð (fjarskipti), sem má deila um hvort sé rétt eða ekki, þá eru hinar upplýsingarnar til staðar.
- Kaupendur/seljendur verða að geta treyst kerfinu, allir þurfa að bæta sig.
- Sumir seljendur í upplýsingagjöf, betri kælingu (ísun), réttum stærðarupplýsingum.
- Markaðir í frágangi, ísun, merkingum og upplýsingagjöf.
- Kaupendur við kaup, verðlauna þegar hægt er þá sem gera vel.

- Oft er það þannig að utanaðkomandi aðstæður koma til (stjórnvöld, vigtarreglugerð o.fl.) og valda breytingum á framboði og hvert fiskur leitar; á fiskmarkað, í gáma eða beinar sölur. Nú er í endurskoðun í ráðuneytinu vigtarreglugerð og geta þær ákvarðanir sem verða teknar, haft alvarlegar afleiðingar fyrir fiskmarkaði, sem og aðra hvað gæði varðar á hráefni upp úr sjó og til neytenda á endanum.
- Við hjá fiskmörkuðum erum í samkeppni um að fá að selja fisk og auka þar með framboð. En oft lendum við undir þegar bein viðskipti eru annars vegar.
- Við ætlum að taka á einhverri útgerð sem er ekki með hlutina (gæði-
stærð) í lagi að mati kaupenda, sem hefur kvartað yfir viðkomandi til okkar. Hvað gerist þá ef við beitum okkur? Viðkomandi bátur fer stundum jafnvel í bein viðskipti við viðkomandi kaupanda sem kvartaði til okkar.
- Við getum bætt þetta gæðaferli en þá verða allir að koma að því. Oftast er þetta í góðu lagi og seljendur sem taka hlut af afla til sín til vinnslu og selja hluta á markað (stór hluti af framboði á fiskmörkuðum) eru yfirleitt með þessa hluti í góðu lagi eins og kom hér fram áðan í góðum erindum frá þeim Kristjáni í Gunnvör og Hrannari í Þorbirninum.